

## Aðalfundargerð

Aðalfundur Félags skógarbænda á Austurlandi, haldinn í Barnaskólanum Eiðum 20. mars 2019 og hefst kl. 20:05. Marianna formaður setur fund og býður menn velkomna. Síðan afhendir hún Bjarna Björgvinssyni fundarstjórn og Halldór Sigurðsson ritar fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundur settur, lögmæti fundar kannað.
2. Skýrsla stjórnar – formaður, Marianna.
3. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram – gjaldkeri, Jói Þórhlls .
4. Umræður um skýrslu og reikninga.
5. Inntaka nýrra félaga.
6. Félagsgjöld ársins ákveðin.
7. Tillögur um lagabreytingar
8. Kosning stjórnar og skoðunarmanna reikninga.
9. Tilnefna aðal- og varamann til setu í stjórn LSE til eins árs.
10. Önnur mál
11. Fundi slitið

1. Fundarstjóri úrskurðar lögmæti fundar en mættir eru 23 samkv. lista sem gengur á fundinum. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar FSA fyrir árið 2018 sem Marianna formaður flytur.

Stjórn félagsins var á síðasta starfsári skipuð Mariönnu Jóhannsdóttur, Halldóri Sigurðssyni, Borgþóri Jónssyni, Jóhanni Þórhallssyni og Jónínu Zophoníasdóttur. Varamenn eru Karl Jóhannsson og Lárus Heiðarsson.

Stjórnin hélt 8 formlega fundi og fundargerðirnar má finna á vef LSE.

Það var eitt og annað gert í nafni félagsins og má þar nefna að:

- Í janúar kom Haraldur Geir frá Brunavörnum á félagsfund til okkar og hélt erindi um brunavarnir í skógi.
- 19. apríl var haldið upp á 30 ára afmæli félagsins með vel heppnaðri veislu og skemmtidagskrá hér í Barnaskólanum á Eiðum. Þar komu margir að undirbúningi og farið var yfir ræktunarsögu svæðisins í máli og myndum. Félagið fékk að gjöf grillstand frá LSE sem nýtist til meðal annars til gera ketilkaffi á samkomum okkar. Færum við þeim kærar þakkir fyrir.
- 11. maí fór stjórnin í dagsferð með Njáli Trausta þingmanni kjördæmisins um Fljótsdal og Velli þar sem áherslur okkar í skógræktarmálum voru settar fram.
- 11. júní var á Höfða á Völlum afhjúpaður minningarskjöldur um Sherry Curl í nafni skógarbænda á Austurlandi. Sköldurinn var unninn í lerkiplötu frá Víðivöllum og unninn af Krossdal framleiðendum. Halldór Sigurðsson sá ásamt fleirum um hönnun og uppsetningu. Þröstur gekk svo með okkur um trjáræktina á Höfða og sýndi ýmislegt markvert sem þar er að finna.

- 23. júní var skógardagurinn haldinn en félagið kemur mikið að undirbúningi þess dags. Þar hafa Helgi á Setbergi og Jói Þóhalls, gjaldkeri stjórnar séð að miklu leyti um skipulagningu og stórnunarvinnu fyrir hönd okkar skógarbænda.
  - Farin var hópferð á aðalfund LSE sem haldinn var á Hellu 6.-7. Október. Þar létu félagsmenn okkar til sín taka í girðingatillögumálum og fleiru sem snertir hag okkar skógarbænda.
  - 1. desember var haldið fræðslukvöld með matarveislu fyrir skógarbændur. Þar hélt Lárus Heiðarsson erindi þar sem hann kynnti áætlanaforrit til nota í skógrækt.
  - 15. desember var Jólakötturinn, sem er langstærsti jólamarkaður á Austurlandi haldinn í samstarfi við Skógræktina. Að þessu sinni var húsnæðið ekki eins og við þekkjum í gróðurhúsi Barra heldur í frystinum, aðstöðuhúsinu og á milli þessara húsa á Valgerðarstöðum. Þetta fór fram í góðu samstarfi við Wasabi ræktendur þar.
- 
- Á félagsfundi í desember 2017 var ákveðið að koma á samræðu milli bæjarmálayfirvalda og félagsins með mögulega aðstöðu fyrir bændur í því húsi. Því var hafnað eins og við settum það fram, það er upphaf að vinnslu skógarafurða þar sem bændur gætu komið með sínar afurðir og greitt leigu fyrir. Hins vegar var líka uppi sú hugmynd að vera með eins konar bændamarkað þar sem seldar yrðu vörur af svæðinu í samstarfi við Búnaðarsambandið – og fyrir ekki mjög löngu síðan kom erindi frá bænum um að þar er áhugi fyrir slíku. Við viljum heyra í ykkur hér í kvöld með það – er áhugi fyrir hendi? Sá markaður yrði hugsanlega jólatrjáasala í desember en annars markaður þar sem leigð yrðu út sölupláss og einnig möguleiki á námskeiðahaldi.
  - Girðingareglur er eitt af því sem stjórn og félagar hafa unnið vel að og það má segja að okkar tillaga að gerð og vinnulagi hafi á endanum verið viðurkennd því Skógræktin gerði hana að sinni. Það voru reyndir bændur sem eiga heiðurinn að þeirri vinnu.
  - Taxtar fyrir næsta ár hafa nýverið verið kynntir og stjórn FSA gerði samskonar athugasemd við þá nú og á sl. ári en þá náðum við okkar áherslu í gegn. Skógræktin hefur kosið að miða taxtahækkunar við vísitölu framfærslukostnaðar og neysliverðs en okkur finnst eðlilegra að miða hækkun við launavísitölu. Ef það yrði gert næðum við 6% hækkun sem annars er 3,7%. Þetta snýst jú fyrst og fremst um að fá greidd laun fyrir vinnuna við skóginn og þá auðlind sem þar verður til.
  - Ný lög um skóga og skógrækt bíða fyrstu umræðu í þinginu og þau lög eru ekkert sérstakt gleðiefni fyrir skógarbændur. Þar er lýðræðisleg aðkoma skógarbænda ekki virt. Það er að segja að fyrir sameiningu skógræktarverkefnanna við Skógræktina höfðu fimm skógarbændur beina aðkomu að málefnum landshlutabundinna skógræktarverkefna með setu í stjórn þeirra. Við teljum að þátttaka skógarbænda í ákvarðanatöku hafi reynst vel og að það sé óeðlilegt og ósanngjarn að taka ekki jafnmikið tillit til ákvarðanatöku bænda og áður var gert. Það hafa engin rök komið fram sem útskýra þetta. Það hvílir engin skylda á Skógræktinni að taka tillit til skoðunar skógarbænda.
  - Á sl. ári gekk illa fyrir marga sem unnu í skógunum að fá laun sín greidd innan eðlilegs tíma og greiðslur drögust úr hömlu. Skýringar hafa borist frá

Skógræktinni um ástæðu þessa og þeirra leið til að forðast það að slíkt hendi aftur er að reikningar verða framvegis greiddir gegnum annað kerfi.

3. Jóhann gjaldkeri fór yfir reikninga. Þar kom fram að rekstrartekjur voru kr. 3.888.580 og rekstrargjöld kr. 4.134.166 og því var tap á árinu kr. 245.586 fyrir fjármagnsliði. Fastafjármunir eru kr. 1.871.580 og veltufjármunir kr. 2.491.166 eða kr. 4.362.746 alls og lækkar um kr. 357.325 milli ára.
4. Orðið var gefið laust um skýrslu stjórnar og reikninga en enginn kvað sér hljóðs og voru reikningar samþykktir samhjóða.
5. Inntaka nýrra félaga. Einar Sveinn Friðriksson á Valþjófsstað gengur í félagið.
6. Fyrir liggur tillaga frá stjórn um óbreytt félagsgjöld. Þ.e. 10.000 kr/per býli og 1.500 kr pr. félagsmann. Samþykkt með þorra atkvæða.
7. Engar tillögur liggja fyrir um lagabreytingar.
8. Kosning stjórnar og varastjórnar:  
Stjórnin endurkjörin með lófaklappi, þ.e. Marianna Jóhannsdóttir, Halldór Sigurðsson, Borgþór Jónsson, Jóhann Þórhallsson og Jónína Zophoníasdóttir. Varamenn eru Karl Jóhannsson og Lárus Heiðarsson.  
Það sama á við um um skoðunarmenn en Edda Björnsdóttir og Elvar Brynjólfsson eru bæði endurkjörin.
9. Jóhann Gísli Jóhannsson er tilnefndur sem aðalmaður til setu í stjórn Lse og Marianna Jóhannsdóttir til vara.

10. **Pröstur** skógræktarstjóri fór yfir nokkur atriði.

a) Skógræktarlög í 2. Umr. á Alþingi, lög in um skógrækt á lögbýlum eru nánast óbreytt samkvæmt frumvarpinu

b) samkvæmt áætlun ríkisstjórnarinnar lítur út fyrir að helsta hlutverk Skógræktarinnar verði kolefnisbinding. Peningar í verkefnið eru ekki miklir á þessu ári en eykst.

c) Áætlað er að framlög til plöntunar verði greidd út á hektara en ekki plöntufjölda eins og verið hefur. Þetta er m.a. vegna þrýstings frá ráðuneytinu þar sem menn standa á bremsunni hvað varðar peninga í snemmgrísjun sem verður ódýrari ef plantað er færri plöntum á flatareiningu.

d) Ný hugmynd er að allar plöntur verði fluttar í pappakössum frá gróðrastöð alla leið heim til bænda með vöruflutningafyrirtæki. Hafnar eru viðræður við Samskip um þessa flutninga en af þessu verður þó ekki á yfirstandandi ári. Skógræktin greiddi 17 milljónir fyrir rekstur dreifingarstöðva s.l. ár og er von um að nýtt fyrirkomulag lækki þennan kostnað. Ekki verður plantað meira en 2.500 plöntum á hektara. Lifun upp á 2.000 tré/ha er nóg. Mikilvægt að skipuleggja sig vel við plöntun s.s. – hve mörg skref eru á milli þess sem plöntustafurinn er rekinn niður, beinar gróðursetningalínur og dreifa plöntubökkum um svæðið þannig að sem minnst þurfi að ganga til að sækja plöntur. Allar breytingar

á plöntun, trjáfjölda o.fl. verður að líta á sem leiðréttingu á vinnubrögðum. Með þessu á fyrst og fremst að fara betur með fjármagn.

**Jói Þórhalls** spyr um peningamál. Hvernig geta bændur og Skógræktin náð til pólitíkusa um meira fjármagn til bændaskógræktar. Það þýðir ekki segir Þröstur. En peningar úr kolefnisverkefni verða vonandi til allra þátta bændaskógræktar. Tugir milljóna strax á þessu ári til skógræktar á lögbýlum og mun aukast.

**Lárus** upplýsti að síðasta ár voru gróðursettar 460 þúsund plöntur á um 50 jörðum. Millibilsjafnað var á 45 ha á 17 jörðum en mikið liggur fyrir. Slóðagerð var 5 km og kostaði 10 milljónir.

**Hlynur Gauti** skýrði frá afdrifum tillagna frá aðalfundi Lse. og hvatti fundarmenn til að huga að tillögum fyrir næsta aðalfund Lse sem verður í Kjarnalundi Akureyri 11.-13. okt.

„Við skógareigendur“ fáum pláss í Bændablaðinu til birtingar efnis um skógrækt, en frá áramótum hefur verið hörgull á efni til birtingar í blaðinu og því minni umfjöllum en til stóð. Hlynur auglýsti eftir efni í blaðið.

Landbúnaðarklasinn, sem hefur það að markmiði að stuðla að aukinni arðsemi í gegnum nýsköpun og fagmennsku í landbúnaði er að kanna möguleika á að nota lerkisag til íblöndunar í fiskafóður.

Þá kynnti hann verkefni „Gæðafjalir“ sem er verkefni sem unnið er að í þeim tilgangi að finna staðla fyrir ísl. timbur, hönnun vörulínu í húsgögnum, bók um tré sem er kynnt á fundinum og er fjáröflun fyrir félagið.

Alþjóðadagur skógarins er á morgun.

Ferð skógarbænda til Danmerkur 23. – 27. ágúst í sumar.

Að lokum kynnti hann nokkra bæklinga.

**Jóhann Gísli** kynnti einhverskonar afslætti til félagsmanna Lse. Þakkaði stjórn fyrir vel unnin störf og fyrir gott samstaf við Fsa.

**Maríanna** spurði hvort áhugi væri fyrir bændamarkaði í Blómabæjarhúsinu í samstarfi við Búnaðarsambandið. Stjórn falið að vinna í málinu. Sagt frá fyrirhuguðu námskeiði með Óla Odds sem féll niður um daginn vegna veikinda og fyrirhugaðri heimsókn skógarbænda í Hjartarstaði.

Fundi slitið kl 22:22.

Fundarritari.

Fundarstjóri.

---

Halldór Sigurðsson

---

Bj. Björgvin